

REGLUR
um breytingu á reglum nr. 60/2019 um meistaranám
við heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðanna „hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði“ í a-lið töluliðar I í 3. mgr. koma orðin: hjúkrunarfræði, geðhjúkrun og ljósmóðurfræði.
- b. Annar másl. b-liðar töluliðar I í 3. mgr. orðast svo: Aðgangur að meistaranámi í ljósmóðurfræði til starfsréttinda og meistaranámi í geðhjúkrun er háður sérstökum reglum um fjöldatakmörkun sem háskólaráð samþykkir og koma fram í kennsluskrá.

2. gr.

2. másl. a-liðar töluliðar I í 3. mgr. 7. gr. reglnanna orðast svo: Nemandi sem hefur lokið fjögurra ára BS-námi í hjúkrunarfræði getur fengið allt að 30 einingar metnar inn í meistaranám í hjúkrunarfræði og allt að 20 einingar inn í meistaranám í geðhjúkrun.

3. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð Háskóla Íslands hefur samþykkt, að fenginni tillögu heilbrigðisvísindasviðs, eru settar samkvæmt heimild í 3. mgr. 18. gr. laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla. Reglurnar öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 14. janúar 2022.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.